



IFAB SKÝRINGAR

11. GREIN

SKJAL	2015-11-RANGSTAÐA-IFAB_01
DAGS	2015-11-18
BLS	1 / 2



THEIFAB.COM
SINCE 1886

VIÐBÓTAR LEIÐBEININGAR VIÐ 11. GREIN – RANGSTAÐA (skv. Dreifibréfi nr. 3, dags. 17. júlí 2015)

1. „Að trufla mótherja“

Nánari skýring

Til viðbótar þeim aðstæðum sem þegar er lýst í knattspyrnulögunum, þá skal jafnframt dæma leikmann sem er í rangstöðu brotlegan ef hann:

- *gerir augljósa tilraun til þess að leika knetti sem er nærri honum og hefur með því áhrif á mótherja*

eða

- *hreyfir sig með þeim hætti að það hafi augljós áhrif á möguleika mótherja til þess að leika knettinum*

Leiðbeiningar

- „**augljós tilraun**“ – tilgangur þessa orðalags er að koma í veg fyrir að leikmaður sé dæmdur brotlegur fyrir að hlaupa úr nokkuð langri fjarlægð í átt að knettinum (nema að hann komi nærri knettinum).
- „**nærri**“ er mikilvæg forsenda svo leikmaður sé ekki dæmdur brotlegur þegar knötturinn fer greinilega yfir höfuð hans eða greinilega fyrir framan hann.
- „**áhrif**“ á við um getu (eða möguleika) mótherja til þess að leika knettinum og innifelur aðstæður þar sem hinn rangstæði leikmaður seinkar, hindrar eða kemur í veg fyrir hreyfingu mótherja í tilraun sinni til þess að leika knettinum.

Rangstaða leikmanns þýðir hins vegar ekki alltaf að hann hafi áhrif, til dæmis:

- ef knötturinn er hægra megin á vellinum og rangstæður leikmaður, sem er á miðjum vellinum, færir sig í nýja sóknarstöðu þá telst hann ekki brotlegur nema að hann hafi með því áhrif á möguleika mótherja til þess að leika knettinum.
- þar sem leikmaður reynir að leika knettinum á leið hans í markið án þess að hafa áhrif á mótherja, eða í tilfellum þar sem enginn mótherji er nálægur, en þá telst hann ekki brotlegur.



IFAB SKÝRINGAR
11. GREIN

SKJAL	2015-11-RANGSTAÐA-IFAB_01
DAGS	2015-11-18
BLS	2 / 2



2. „Björgun“

Nánari skýring

11. grein laganna lýsir því í aðalatriðum hvenær dæma skal rangstæðan leikmann brotlegan fyrir að verða virkur þátttakandi í sóknaraðgerðinni, þ.m.t. (bls. 110):

- "að hafa hagnað af þeirri stöðu sinni" þýðir að leika knetti:
 - (i) sem hrekkur til hans eða tekur stefnubreytingu til hans af markstöng, þverslá eða mótherja, eftir að hafa verið í rangstöðu
 - (ii) sem tekur stefnubreytingu, hrekkur eða er leikið til hans eftir viljandi björgun mótherja, eftir að hafa verið í rangstöðu

Leikmaður í rangstöðu sem fær knöttinn til sín frá mótherja, sem leikur knettinum viljandi (nema eftir viljandi björgun), telst ekki hafa haft hagnað af þeirri stöðu sinni.

Eins og fram kemur í síðustu setningunni hér að ofan þá getur "viljandi björgun" átt við um hvaða leikmann sem er og er ekki einskorðuð við markvörðinn.

Það telst vera „björgun“ þegar leikmaður stöðvar knött sem er á leið í markið eða mjög nærri markinu með hvaða líkamshluta sem er að frátöldum handleggjum (nema þegar um er að ræða markvörð innan eigin vítateigs).

Athugið: Þessi útskýring er í samræmi við notkun orðsins "björgun" í 12. grein laganna um "Brot markvarða" (bls. 122).